



# Icesave samningurinn


*Deilan um forgang krafna útskýrð*




Ímyndum okkur þrjá almenna Icesave-reikninga í Bretlandi: A, B og C þar sem innistæður námu 10.000, 30.000 og 80.000 pundum.



Innistæður á þessum reikningum voru tryggðar af íslenska innlánstryggingasjóðnum allt að 20.887 evrum skv. reglum Evrópusambandsins um innlánstryggingar, eða sem svaraði um 16.500 pundum í október 2008.




Við hræringar á bankamarkaði í lok sumars 2008 ákváðu bresk stjórnvöld upp á sitt einsdæmi að breski innlánstryggingasjóðurinn myndi tryggja innistæður umfram lágmarkstrygginguna, eða allt að 50.000 pundum.




Í október 2008 fellur Landsbankinn og innlánseigendur eru óvissir um sinn hlut.


□	Óvissa innlánseigenda	£30.000
■	Greitt af Bretum	£90.000
Samtals		£120.000



Breski innlánstryggingasjóðurinn stígur inn og greiðir innláns-  
eigendum tryggingu upp að 50.000 pundum, eins og lofað hafði  
verið.




Þar að auki ákveður breska ríkisstjórnin, aftur upp á sitt einsdæmi, að greiða innlánseigendum á Icesave innistæður umfram 50.000 pund líka að fullu. Innlánseigendurnir eru því skaðlausir af falli Landsbankans, en breska ríkisstjórnin og breski innlánstryggingasjóðurinn hafa greitt út samsvarandi upphæð.




Þar sem eignir íslenska innlánstryggingasjóðsins duga hvergi nærri fyrir lágmarkstryggingunni samþykkir íslenska ríkið skv. fyrirbyggjandi samningi að ábyrgjast skuldbindingu íslenska sjóðsins, allt að 16.500 pundum á hvern reikning.

Bretar ætla að lána Íslendingum samsvarandi upphæð.

■ Greitt af Bretum	£77.000
■ Ábyrgð íslenska ríkisins	£43.000
■ ? Eignir Landsbankans	???
<hr/>	
Samtals	£120.000




Þær eignir Landsbankans sem endurheimtast koma svo til lækkunar þessara skuldbindinga í hlutfalli við endurheimturnar.




Væru kröfur innlánseigendanna óskiptar myndu eignir Landsbankans ganga í jöfnum hlutföllum upp í fjárhæðina á hverjum reikningi.

Ábyrgð íslenska ríkisins væri þá á því sem upp á vantar, allt að 16.500 pundum.




Væru kröfur innlánseigendanna óskiptar myndu eignir Landsbankans ganga í jöfnum hlutföllum upp í fjárhæðina á hverjum reikningi.


Ábyrgð íslenska ríkisins væri þá á því sem upp á vantar, allt að 16.500 pundum.



M.v. að endurheimtar eignir dygðu fyrir 50% af samanlögðum innlánnum liti það dæmi út eins og sýnt er hér að ofan.




Skv. fyrirliggjandi samningi fær hins vegar hver hluti reikningsins, þ.e. sá hluti sem var undir 16.500 punda lágmarkinu, sá sem var hærri en lágmarkið en lægri en 50.000 pund og sá hluti sem er hærri en 50.000 pund jafn hátt hlutfall endurheimtra eigna. M.ö.o. er litið svo á að um þrjár kröfur í eignir bankans sé að ræða.



Skv. fyrirliggjandi samningi fær hins vegar hver hluti reikningsins, þ.e. sá hluti sem var undir 16.500 punda lágmarkinu, sá sem var hærri en lágmarkið en lægri en 50.000 pund og sá hluti sem er hærri en 50.000 pund jafn hátt hlutfall endurheimtra eigna. M.ö.o. er litið svo á að um þrjár kröfur í eignir bankans sé að ræða.

Greitt af Bretum	£38.500
Ábyrgð íslenska ríkisins	£21.500
Eignir Landsbankans	£60.000
Samtals	£120.000



M.v. að endurheimtar eignir dygðu fyrir 50% af samanlögðum innlánnum lítur það dæmi út eins og sýnt er hér að ofan.


**Skoðum nú þessi dæmi hlið við hlið og svo hvað gerist ef  
miðað er við að eignir Landsbankans dugi fyrir öðrum  
hlutföllum innlánanna**

## Óskiptar kröfur

Greitt af Bretum	£53.500	
Ábyrgð íslenska ríkisins	£6.500	←
Eignir Landsbankans	£60.000	

## Fyrirliggjandi samningur

Greitt af Bretum	£38.500	
Ábyrgð íslenska ríkisins	£21.500	←
Eignir Landsbankans	£60.000	




**Endurheimtar eignir duga fyrir 50% innlána**

## Óskiptar kröfur

Greitt af Bretum	£73.500	
Ábyrgð íslenska ríkisins	£16.500	←
Eignir Landsbankans	£30.000	

## Fyrirliggjandi samningur

Greitt af Bretum	£57.750	
Ábyrgð íslenska ríkisins	£32.250	←
Eignir Landsbankans	£30.000	




**Endurheimtar eignir duga fyrir 25% innlána**

## Óskiptar kröfur

Greitt af Bretum	£27.500	
Ábyrgð íslenska ríkisins	£2.500	←
Eignir Landsbankans	£90.000	

## Fyrirliggjandi samningur

Greitt af Bretum	£19.250	
Ábyrgð íslenska ríkisins	£10.750	←
Eignir Landsbankans	£90.000	



**Endurheimtar eignir duga fyrir 75% innlána**

Hvora leiðina sem farið væri við samningagerðina myndi íslenska ríkið standa við að ábyrgjast lögboðna lágmarkstryggingu.

Í framangreindum dæmum er munurinn á greiðslum íslenska ríkisins samt **allt að fjórfaldur** eftir því hvor leiðin er farin.